

## Tillaga um stjórnarlaun

- Stjórnarlaun aðalmanna:

*Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 185.000 kr. á mánuði og að laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundir skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.*

- Stjórnarlaun varamanna:

*Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.*

### Rökstuðningur:

Laun aðalmanna hafa verið 163.500 kr. á mánuði frá ársfundi 2017 og laun stjórnarformanns tvöföld en stjórnarlaunum var haldið óbreyttum á ársfundi sjóðsins árið 2018. Er nú lagt til að laun verði hækkuð með hliðsjón af þróun á launavísitölu en vísitalan hefur hækkað um 13,1% frá mars 2017 til mars 2019. Er því lagt til að stjórnarlaun verði 185.000 kr. á mánuði. Þá er einnig lögð til sú breyting að framvegis verði greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna, fyrir aukafundi sem haldnir eru umfram reglubundna fundir skv. starfsáætlun stjórnar. Tillagan tekur m.a. mið af framkvæmd hjá Gildi lífeyrissjóði en sjóðurinn greiðir aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í hverjum mánuði. Jafnframt er horft til þess að verkefnum stjórna lífeyrissjóða fer fjölgandi samhliða auknum lagakröfum og kröfum sem gerða eru til vandaðra stjórnarháttá. Því er mikilvægt að stjórn hafi svigrúm til að fjölga fundum þegar þess gerist þörf og eðlilegt að laun stjórnarmanna taki mið af því. Þó er tekið fram að ekki skuli greitt fyrir meira en sjö aukafundi umfram reglubundna fundir skv. starfsáætlun stjórnar. Geta stjórnarlaun aðalmanna þannig verið að hámarki 239.000 kr. að meðaltali á mánuði fyrir starfsárið.